

3. maí 2024



# Fjármálaáætlun 2025-2029 - Kynning á málefnasviðum matvælaráðuneytisins

Stjórnarráð Íslands  
Matvælaráðuneytið



## 12 Landbúnaður – Helstu áherslur 2025-2029

### Heilnæm og sjálfbær matvælaframleiðsla

Efla fæðuöryggi og standa vörð um heilbrigði plantna og dýra, velferð dýra og öryggi matvæla.

Draga úr losun gróðurhúsalofttegunda vegna landbúnaðar og auka bindingu.

Skapa skilyrði til fjölbreyttari landbúnaðarframleiðslu með sjálfbæra landnýtingu og nýsköpun að leiðarljósi.



## 12 Landbúnaður - Fjárheimildir

Heildarútgjöld í m.kr.**	Reikningur	Heimildir*	Fjárlög 2024
	2022	2023	
<b>12 Landbúnaður</b>	<b>22.151</b>	<b>23.537</b>	<b>23.390</b>
12.10 Stjórnun landbúnaðarmála	20.469	21.814	21.625
12.20 Rannsóknir, þróun og nýsköpun í landbúnaðarmálum	724	749	744
12.60 Stjórnarsýsla matvælaráðuneytis	958	975	1.021

\* Fjárlög að viðbættum fjárukalögum ársins.

\*\* Eftir atvikum hafa verið gerðar aðlaganir á framsetningu útgjalda ársins í þeim tilfellum sem viðföng hafa verið flutt í heild sinni á milli málefnasviða eða málaflokka.

Útgjaldarammi í m.kr.	Áætlun	Áætlun	Áætlun	Áætlun	Áætlun
	2025	2026	2027	2028	2029
<b>12 Landbúnaður</b>	<b>23.350</b>	<b>23.349</b>	<b>23.268</b>	<b>23.187</b>	<b>23.135</b>
þ.a. áætluð framlög í rekstur og tilfærslur	23.309	23.308	23.228	23.147	23.096
þ.a. áætluð framlög í fjárfestingu	41	41	40	40	39



## 12 Landbúnaður – Efling innlendrar framleiðslu á korni

	2024	2025	2026	2027	2028	2029
Fjármagn til aukningar á innlendri framleiðslu á korni	198	378	378	478	478	478
Breyting milli ára m.kr.		180	0	100	0	0

- Áframhaldandi efling innlendrar framleiðslu á korni til fóðurs og til manneldis í samræmi við aðgerðaáætlun þar um. Markmiðið er að styrkja stoðir fæðuöryggis á Íslandi og auka jafnframt verðmætasköpun í landbúnaði.
- Verkefnið gerir ráð fyrir áframhaldandi kornkynbótum sem eru lykilatriði til að efla kornrækt á Íslandi ásamt því að gert er ráð fyrir að styðja við þróunarverkefni í kornrækt og efla kennslu og leiðbeiningar. Hvort tveggja mun treysta undirstöður greinarinnar til lengri tíma.
- Jafnframt er fyrirhugað að auka frekar stuðning við innviðauppbýggingu í greininni en stuðningur við fjárfestingar í kornrækt er stærsta einstaka verkefni aðgerðaáætlunarinnar. Með því er vænst að lækka verkunarkostnað og hvetja til aukinnar framleiðslu.



## 12 Landbúnaður - Aðgerðir til innleiðingar verndandi arfgerða í íslenska sauðfjárstofninn.

	2024	2025	2026	2027	2028	2029
Aðgerðir til innleiðingar verndandi arfgerða í íslenska sauðfjárstofninn	110	110	120	90	60	60
Breyting milli ára m.kr.		0	10	-30	-30	0

- Áframhaldandi aðgerðir til innleiðingar verndandi arfgerða í íslenska sauðfjárstofninn sem hófst á árinu 2023. Áætlaður kostnaður er samtals um 608 m.kr. sem mun skiptast þannig að um 58 m.kr. falla til á árinu 2023, 110 m.kr. falla til hvort árið 2024 og 2025, 120 m.kr. árið 2026, 90 m.kr. árið 2027 og 60 m.kr. hvort árið 2028 og 2029.
- Stefnt að því að hægt verði að innleiða verndandi arfgerðir gagnvart riðusmiti á takmörkuðum svæðum þannig að eftir fimm ár verði yfir 80% ásetts fjár á mestu áhættusvæðunum arfblendið eða arfhreint fyrir verndandi samsætum og þar af leiðandi ólíklegt til að veikjast af riðu. Verkefnið mun þó taka lengri tíma en til 2029, en umfangið mun minnka með tímanum. Á móti mun koma hratt minnkandi líkur á að fara þurfi í stórfelldan niðurskurð með tilheyrandi kostnaði fyrir ríkissjóð.



## 12 Landbúnaður – Aðrar helstu breytingar á fjárheimildum

- Gert er ráð fyrir 100 m.kr. tímabundnu framlagi í tvö ár til að styrkja getu MATÍS til að greiða fastan kostnað á móti fengnum styrkjum í erlendum samkeppnissjóðum.
- Framlög vegna búvörusamninga lækka um 251 m.kr. að raungildi á tímabili fjármálaáætlunar. Í fjárlögum ár hvert er fjárveiting búvörusamninga verðbætt í samræmi við verðlagsforsendur fjárlaga.
- Niðurfelling á 200 m.kr. tímabundnu framlagi til sérstakra aðgerða í landbúnaði.
- Almennar aðhaldsráðstafanir nema samtals 250 m.kr. á tímabili fjármálaáætlunar.



## 13 Sjávarútvegur og fiskeldi – Helstu áherslur 2025-2029

### Heilnæm og sjálfbær matvælaframleiðsla

Skapa sjávarútvegi og fiskeldi skilyrði til aukinnar verðmætasköpunar með sjálfbæra nýtingu og vistkerfisnálgun að leiðarljósi.

Draga úr losun gróðurhúsalofttegunda við fiskveiðar.

## 13 Sjávarútvegur og fiskeldi - Fjárheimildir

Heildarútgjöld í m.kr.**	Reikningur	Heimildir*	Fjárlög 2024
	2022	2023	
<b>13 Sjávarútvegur og fiskeldi</b>	<b>7.468</b>	<b>6.866</b>	<b>7.752</b>
13.10 Stjórnun sjávarútvegs og fiskeldis	1.864	1.747	1.960
13.20 Rannsóknir, þróun og nýsköpun í sjávarútvegi	5.604	5.119	5.792

\* Fjárlög að viðbættum fjáráukalögum ársins.

\*\* Eftir atvikum hafa verið gerðar aðlaganir á framsetningu útgjalda ársins í þeim tilfellum sem viðföng hafa verið flutt í heild sinni á milli málefna sviða eða málaflokka.

Útgjaldarammi í m.kr.	Áætlun 2025	Áætlun 2026	Áætlun 2027	Áætlun 2028	Áætlun 2029
<b>13 Sjávarútvegur og fiskeldi</b>	<b>8.001</b>	<b>8.247</b>	<b>8.213</b>	<b>8.195</b>	<b>8.096</b>
þ.a. áætluð framlög í rekstur og tilfærslur	7.187	7.590	7.562	7.551	7.459
þ.a. áætluð framlög í fjárfestingu	814	657	651	644	637





## 13 Sjávarútvegur og fiskeldi – Efling hafrannsóknna, fiskveiðieftirlits og stjórnsýslu fiskeldis

	2024	2025	2026	2027	2028	2029
Sjávarútvegur - Efling hafrannsóknna og fiskveiðieftirlits	225	475	725	725	725	725
Fiskeldi - Efling stjórnsýslu fiskeldis	270	370	470	470	470	470
<b>Samtals m.kr.</b>	<b>495</b>	<b>845</b>	<b>1.195</b>	<b>1.195</b>	<b>1.195</b>	<b>1.195</b>
Breyting milli ára		350	350	0	0	0

- Áframhaldandi efling annars vegar hafrannsóknna og fiskveiðieftirlits og hins vegar stjórnsýslu, eftirlits, leyfisveitinga og rannsókna í fiskeldi. Markmiðið er að skapa greinunum skilyrði til aukinnar verðmætasköpunar með sjálfbæra nýtingu og vistkerfisnálgun að leiðarljósi.
- Öflugar hafrannsóknir og þekja í eftirliti með fiskveiðiauðlindinni eru forsenda þess að íslenskar sjávarafurðir séu samkeppnishæfar á alþjóðamörkuðum og að nýting sjávarauðlinda sé sjálfbær og stuðli að vexti íslensks atvinnulífs og samfélags.
- Forsendur fyrir vexti sjókvíaeldis, og þar með tekjuaukningar fyrir íslenskt þjóðarbú, eru að hlúð sé að umhverfi greinarinnar m.t.t. til regluverks, stjórnsýslu, eftirlits og rannsókna.



## 13 Sjávarútvegur og fiskeldi - Aðrar helstu breytingar á fjárheimildum

- Fjárheimild til fiskeldissjóðs hækkar um 248 m.kr. á tímabilinu í tengslum við hækkun verðmætagjalds í sjókvíaeldi. Markmiðið er að stuðla að enn frekari uppbyggingu innviða, þar sem fiskeldi í sjókvíum er stundað, og styrkja þar með samfélög og stoðir atvinnulífs á þeim svæðum.
- Fjárheimild er aukin um 150 m.kr. á árinu 2025 til tækjakaupa í nýtt hafrannsóknaskip.
- Tímabundin 200 m.kr. fjárheimild til hvalatalninga fellur niður á árinu 2025.
- Almennar aðhaldsráðstafanir nema samtals 403 m.kr. á tímabili fjármálaáætlunar.



## 13 Sjávarútvegur – Smíði nýs hafrannsóknaskips

- Smíði nýs hafrannsóknaskips hófst haustið 2022 og er áætlað að skipið verði afhent fyrir árslok 2024.
- Í fjárlögum árána 2019-2022 var veitt samtals 5,8 ma.kr. fjárheimild til verksins. Samningsbundinn kostnaður við framkvæmdina nemur EUR 33.450.000.
- Greiðslur skiptast í 5 hluta samkvæmt verkframvindu sbr. meðfylgjandi yfirlit en nú hafa þrjár fyrstu greiðslurnar verið greiddar:

<b>Greiðslufæði</b>	<b>%</b>
1. greiðsla við undirritun	20%
2. greiðsla eftir að kjölur er lagður	20%
3. greiðsla eftir að skrokkur skipsins er tilbúinn	20%
4. greiðsla eftir að sex mánuðir er liðnir frá 3. greiðslu	20%
5. greiðsla við afhendingu skipsins	20%



## 7 Nýsköpun, rannsóknir og þekkingargreinar (Matvælasjóður)

- Undir málefnasvið 7 heyrir Matvælasjóður sem er á ábyrgð MAR. Hlutverk sjóðsins er að styrkja þróun og nýsköpun við framleiðslu og vinnslu matvæla og hliðarafurða úr landbúnaðar- og sjávarafurðum.
- Í fjárlögum 2024 nam fjárveiting til sjóðsins um 523 m.kr. Gert er ráð fyrir óverulegum breytingum fjárheimildum á tímabili fjármálaáætlunar.



## 17 Umhverfismál (Skógrækt og landgræðsla)

- Undir málefnasvið 17 heyra skógrækt og landgræðsla sem eru á ábyrgð MAR. Þar er annars vegar um að ræða nýja stofnun, Land og skóg, sem varð til með sameiningu Landgræðslunnar og Skógræktarinnar. Hins vegar heyrir einnig undir MAR samningur við Skógræktarfélag Íslands.
- Fyrir liggur stefna um landgræðslu og skógrækt, Land og líf. Þar eru settar fram áherslur um heil og fjölbreytt vistkerfi, náttúrmiðaðar lausnir í loftslagsmálum, sjálfbæra landnýtingu, þekkingu, samstarf og lýðheilsu og jákvæða byggðapróun. Unnið er að innleiðingu stefnunnar í samræmi við aðgerðaáætlun.
- Í fjárlögum 2022 var samtals 220 m.kr. framlag veitt til verkefnisins og í fjárlögum 2023 var framlagið hækkað um 153,7 m.kr. Samtals er því um 370 m.kr. eyrnamerkta aðgerðaráætluninni árlega á tímabili fjármálaáætlunarinnar.
- Aðrar breytingar á fjárheimildum málefnasviðsins eru óverulegar



## 21 Háskólastig (Rannsóknir háskóla í þágu landbúnaðar)

- Undir málefnasvið 21 heyrir samningur við LBHÍ um rannsóknir háskóla í þágu landbúnaðar sem er á ábyrgð MAR.
- Helsta breytingin á fjárheimildum snýr að fjármagni til byggingar á Jarðræktarmiðstöð fyrir LBHÍ með það að markmiði að tryggja aðstöðu til tilrauna, kennslu og nýsköpunar í jarðrækt í samræmi við stefnu stjórnvalda varðandi fæðuöryggi. Áætluð verklok eru 2026.
- Aðrar breytingar á fjárheimildum málefnasviðsins eru óverulegar.